

kr. 1312.70 með 6% ársvöxtum frá 16. nóvember 1944 til greiðsludags og kr. 350.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 6. febrúar 1948.

Nr. 56/1947. **Réttvísinn og valdstjórnin**  
(Hrl. Gústaf A. Sveinsson)  
gegn

**Höskuldi Guðmundssyni**  
(Hrl. Sveinbjörn Jónsson).

Bifreiða- og umferðarlagabrot. Manndráp af gáleysi.

### Dómur hæstaréttar.

Sigurður M. Helgason, settur bæjarfógeti á Akureyri, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Eftir að mál þetta var dæmt í héraði, hefur Aðalsteinn Ingimundarson, sem var farþegi í bifreið ákærða til Hofsóss, komið fyrir dóm, en eigi bar hann um sakaratriði neitt það, er máli skipti.

Atvik málsins eru rétt rakin í héraðsdómi. Farþegaskýli það, er ákærði hafði á bifreið sinni, var eigi gert með þeim hætti né svo fest á pall bifreiðarinnar, sem lög mæla. Farþegar ákærða voru flestir mjög ölvaðir og sumir svo ofsa-fengnir, að til hörku áfloga kom milli þeirra í bifreiðinni, áður en lagt var upp frá Hofsósi. Það var því mjög óvarlegt af ákærða að hefja ferð, er svo stóð á. Skammt frá Hofsósi ók ákærði fram á bifreiðina K 37, er mun hafa verið á um 30 kílómetra hraða, miðað við klukkustund. Er svo var ástatt um farþega og bifreið ákærða, sem að framan er lýst, bar ákærða að gæta ýtrustu varkárni og aka mjög hægt, alls ekki hraðar en bifreið sú, er á undan honum var. Þrátt fyrir þetta ók ákærði út af veginum til vinstri og fram úr K 37. Er hann var að fara yfir ræsi það, sem lýst er í héraðsdómi, og inn á veginn, kastaðist bifreiðin svo til, að einn farþeganna, Sigurbergur Steinsson, féll út úr farþegaskýlinu til jarðar, og leiddi það fall til dauða hans skömmu síðar. Þessi akstur ákærða, sem mannsbani hlaut af, var stórkostlega

gálaus, og sýndi ákærði með honum fullkomið ábyrgðarleysi sem bifreiðarstjóri. Eigi verður talið sannað, að ákærði hafi verið með áfengisáhrifum við stjórn bifreiðarinnar. Menn komu hinum slasaða farþega þegar til hjálpar og var hann fluttur án tafar áleiðis til læknis. Verður ákærði því eigi talinn hafa unnið til refsingar með aðgerðaleysi í því sambandi.

Samkvæmt framangreindu varðar hegðun ákærða við 5. tölulið 7. gr. sbr. 9. gr. reglugerðar nr. 72/1937, 26., 27. og 28. gr. sbr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941, 2. og 4. gr. sbr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24/1941 og 215. gr. hegningarlaga nr. 19/1940. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin varðhald 5 mánuði.

Samkvæmt 39. gr. bifreiðalaganna og 68. gr. hegningarlaganna ber að svipta ákærða rétti til bifreiðarstjórnar ævilangt.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu málskostnaðar ber að staðfesta.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 600.00 til hvors.

Rannsókn málsins er áfátt að því leyti, að vitni, sem ekki voru samsaga um, hvort ákærði hafi neytt áfengis eða verið með áfengisáhrifum, voru eigi samprófuð né eiðfest. Þá hefur orðið óhæfilegur dráttur á rannsókninni af hendi dómars í Skagafjarðarsýslu.

#### D ó m s o r ð :

Ákærði Höskuldur Guðmundsson sæti varðhaldi 5 mánuði. Hann er sviptur ökuleyfi ævilangt.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað staðfestist.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Gústafs A. Sveinsonar og Sveinbjörns Jónssonar, kr. 600.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

**Dómur aukaréttar Eyjafjarðarsýslu og Akureyrarkaupstaðar  
20. nóvember 1946.**

Mál þetta er höfðað gegn ákærða Höskuldi Guðmundssyni bifreiðarstjóra, til heimilis Aðalstræti nr. 12 á Akureyri, samkvæmt fyrirlagi dómsmálaráðuneytisins með stefnu útgefinni 15. febrúar 1945 af réttvisinnar hálfu fyrir brot á XXIII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febr. 1940 og af valdstjórnarinnar hálfu fyrir brot á bifreiðalögum nr. 23 frá 16. júní 1941, umferðalögum nr. 24, sama dag, og áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur að Háhamri í Eyjafirði 7. apríl 1914. Hann hefur ekki sætt kæru né þolað dóm fyrir neitt afbrot, svo vitað sé. Málavextir eru þessir:

Snemma að morgni hins 10. september 1944 var ákærði í máli þessu að aka vörubifreiðinni A-161 frá Hofsósi til Haganessvíkur í Skagafjarðarsýslu. Í skýli, sem var á palli bifreiðarinnar, voru nokkrir farþegar, og meðal þeirra Sigurbergur Steinsson. Nokkru eftir að bifreiðin fór frá Hofsós, féll Sigurbergur út úr skýlinu og beið bana af sama dag.

Aðdragandi og atvik að slysinu voru sem hér segir:

Ákærði vann þetta sumar með bifreiðina A-161, eign Guðmundar Jónassonar á Akureyri, við Skeiðfossvirkjunina í Fljótum í Skagafirði. Laugardagskvöldið 9. september átti að vera dansleikur í Hofsósi og réði Helgi nokkur Helgason ákærða til að flytja fólk frá Haganessvík á dansleikinn. Fékk ákærði lánað skýli fyrir fólk hjá Júlíusi Geirssyni bifreiðarstjóra í Haganessvík, til að setja á bifreiðina. Var lagt á stað um kl. 10 um kvöldið og komið til Hofsóss um klukkustund síðar. Farþegar voru þessir: Hjá bifreiðarstjóri sátu áðurnefndur Helgi Helgason og unnusta ákærða, Indiana Ásgrimsdóttir, en í skýlinu voru Sigurbergur Steinsson, Guðjón Högni Pálsson, Knud Herdner Georgsson, Pétur Joensen, Karl Jóhannsson, Skarphéðinn Veturliðason, Magnús Guðlaugsson og maður að nafni Aðalsteinn. Var fólk þetta allt að því er virðist á dansleikum á Hofsósi næstu nótt. Snemma á sunnudagsmorguninn var aftur farið frá Hofsós og stýrði ákærði bifreiðinni, og voru allir farþegar þeir sömu og um kvöldið, nema Aðalsteinn, sem mun hafa farið með öðrum bíl, og var sama fólkíð í framsæti. Telur ákærði, að klukkan hafi þá verið 4, en 2 vitni hafa borið að klukkan hafi verið um 5. Skýlið, sem sumir farþeganna voru í, virðist hafa verið venjulegt timburskýli með þremur bekkjum og hurð fyrir hverjum bekk.

Sátu farþegarnir þannig í skýlinu: Á fremsta bekk til vinstri Sigurbergur Steinsson, þá Guðjón Pálsson og Knud Herdner Georgsson yzt til hægri. Á miðbekk Pétur Joensen til vinstri og Karl Jóhannsson til hægri, og í aftasta bekk Skarphéðinn Veturliðason til vinstri og Magnús Guðlaugsson til hægri.

Karlmennirnir, sem voru farþegar í bilnum, voru allir meira eða minna ölvaðir, nema Magnús Guðlaugsson, sem ekki segist hafa fundið á sér nein áhrif áfengis, og er upplýst með eigin játningu Helga Helgasonar, að hann var svo mikið ölvaður, að hann mundi ekkert, sem gerðist á leiðinni milli Hofsóss og Haganessvíkur þennan morgun; Knuds Herdner, að hann hafi verið svo mikið ölvaður, að hann mundi ekkert, hvað gerðist í bilnum frá því lagt var af stað frá Hofsóss, þar til skömmu eftir slysið, að hann rankaði dálítið við sér, og Guðjóns Pálssonar, að hann hafi verið borinn út í bifreiðina sökum ölvunar.

Einnig telja vitni, sem í bilnum voru, að Sigurbergur heitinn hafi verið mikið ölvaður. Upplýst er að ryksingar urðu nokkrar í bifreiðaskýlinu skömmu áður en lagt var af stað og einnig eitt-hvað eftir það. Þegar ákærði ók norður þjóðveginn var vörubifreiðinni K-27 ekið rétt á eftir. Þegar bifreiðin var stödd dálítið fyrir innan Mýrakot á Höfðaströnd, varð bifreiðin K-37 fyrir á veginum og ók í sömu átt. Er dálítill beygja þarna á veginum, sem ekkert er upphleypur á þessu svæði, og melur á vinstri hönd, en móar á þá hægri. Ók ákærði bifreið sinni þarna út af veginum, til vinstri, til að komast fram úr K-37 og ók í dálitlum boga eftir melnum og svo upp á veginn aftur. Segist bifreiðarstjórinn á K-37, Guðbjartur Júlíus Geirsson, hafa stöðvað bifreið sína, þegar A-161 fór fram hjá henni. Rétt um það bil sem A-161 fór upp á veginn aftur, var dálítið ræsi á vegi hennar, sem liggur frá veginum út í melinn, en rétt í sama mund og farið var yfir ræsi þetta, virðist Sigurbergur heitinn hafa fallið út úr bifreiðarskýlinu, því hann lá þar örskammt frá vinstra megin við veginn, miðað við A-161, þegar að var komið. Var Sigurbergur þá meðvitundarlaus. Var hann síðan settur í bifreiðina K-27, sem kom að rétt á eftir og fluttur til læknis í Hofsóss. Þar dó maðurinn eftir um 2 klst., og hafði hann aldrei komið til sjálfs sín eftir slysið. Ákærði fór ekki með hinum slasaða manni til Hofsóss, en hélt ferðinni áfram til Haganessvíkur.

Tvö vitni, Sveinn Stefánsson og Árni Jónsson, sem sýslumaðurinn í Skagafjarðarsýslu tilnefndi skömmu eftir slysið, til að skoða skýlið, sem var á A-161, hafa lýst því þannig:

Þeim megin, sem hurðir eru á skýlinu, er hliðin brotin úr því, allir bekkirnir, sem í skýlinu hafa verið, eru einnig brotnir, 2 brotnir alveg niður og sá þriðji einnig mikið skekktur og brotinn.

Auðsætt er að um ný brot er að ræða, enda hefði ekki verið lagt upp með að nota skýlið til mannflutninga eins og það er nú. Árni Jónsson hefur bætt því við, að einn aflstuðull í hinni brotnu hlið skýlisins hafi verið heill. Þeir segjast ekki geta gert sér aðra grein fyrir orsökum ofangreindra skemmda, en að áflog hafi átt sér stað í skýlinu, þar sem bifreiðin hafi ekki oltið.

Skýlinu var fest þannig á bilinn, að það var bundið með kaðli, sem á tveimur stöðum var dreginn yfir þak þess og festur í króka á hliðum pallsins og einnig með bandi, sem fest var framan í pallinn og brugðið aftur fyrir þak skýlisins og fest niður aftan á pallinum. Hurðirnar vinstra megin á skýlinu voru festar með venjulegum, litlum lömum og var þeim læst með venjulegum járnlokum, sem rennt var fyrir.

Skoðaði ákærði skýlið strax eftir slysið og telur, að það hafi ekkert skaddað síðan. Auk þess er að framan greinir, sem að mestu er samkvæmt framburði ákærða eða í samræmi við hann, hefur hann borið þetta:

Spurningu um, hvort ölvun hafi verið í bílnum á leiðinni til Hofsós um kvöldið, hefur hann svarað þannig: „ekki svo stafaði nein hætta af“, og ekki segist hann vita til að þá hafi verið neinar ryskingar í skýlinu. Þegar lagt var af stað frá Hofsós, telur hann að 6 af farþegunum hafi verið mjög ölvaðir og minnti hann í fyrsta réttarhaldi, að þeir hefðu ekki verið fleiri, en leiðrétti það síðar. Þá segir hann, „að undireins og lagt var af stað frá Hofsósi hafi ryskingar og hörkuáflog hafizt í skýlinu á bifreiðinni, jafnvel áður en lagt var af stað, byrjuðu þeir að fljúgast á í skýlinu.“ Þó neitar hann því, að hann hafi orðið var við áflog í skýlinu eftir að bifreiðin var komin „á ferð út eftir“. Ekki sá hann neina „áverka“ á skýlinu, þegar hann lagði af stað frá Hofsós.

Hann viðurkennir að hafa farið út af veginum vinstra megin, svo sem áður var lýst, til þess að fara fram úr K-37, og þegar hann var kominn fram úr henni, stefndi hann aftur upp á veginn. Þegar bifreiðin var rétt að koma á veginn aftur, fór hún yfir „skurð eða gröf“ og hentist bifreiðin nokkuð til, þegar hún fór yfir þessa ójöfnu, rétt áður en hún náði aftur veginum.

Eigi segist hann skilja, að kastið á bifreiðinni hafi verið svo mikið, að öll brotin á skýlinu stafi af því. Þó viðurkennir hann, að honum hafi sýnt skurðurinn minni eða grynri en hann reyndist vera. Hann viðurkennir þá athugun sýslumanns rétta, að samkvæmt förunum hafi bifreiðin farið yfir skurðinn, rétt áður en hún komst aftur upp á veginn, og þar af leiðandi þá tekið kast til vinstri hliðar. Hann varð var við slysið með þeim hætti, að einhver, sem í skýlinu var, bankaði í glugga stýrishússins, og stöðvaði hann bifreiðina þá þegar.

Lá hinn slasaði maður þá flatur á bakinu vinstra megin við bifreiðina, 2—3 billengdum sunnar. Hann telur, að ekki hafi verið hægt að aka manninum til læknis á A-161, eins og skýlið var á sig komið. Ekkert veit hann um, hvornig það atvikaðist, að maðurinn féll út úr bifreiðinni, en hann segir, að farþegarnir hafi sagt sér, að þeir hafi ekkert vitað fyrr en Sigurbergur féll út úr bifreiðinni.

Hann neitar ákveðið, að hann hafi neytt neins áfengis í þessari ferð. Hann telur bifreiðina hafa verið í góðu lagi.

Vitnið Alfreð Jónsson, bifreiðarstjóri á K-27, hefur borið, að bifreiðarnar hafi lagt af stað kl. 5 á sunnudagsmorguninn, og hafi bifreiðin A-161 þá staðið rétt aftan við sína bifreið. Heyrði hann þá áflog og brothljóð inni í skýlinu á A-161. Hann sá ákærða 2—3 klst. áður en lagt var af stað og sá þá enga ölvun á honum, og eigi hafi hann komizt að því, að ákærði hafi neytt áfengis þessa nótt. Hann ók nokkurn spöl á eftir A-161. Allt í einu sá hann, að 2 af hurðunum fuku alveg frá skýlinu á A-161 og um leið sá hann mann hanga utan á skýlinu vinstra megin og komast svo aftur upp í það, en jafnframt kom hann auga á mann, sem lá á veginum, og stöðvaði hann þá skyndilega bifreið sína. Fór hann þegar út og tók manninn upp af götunni, með aðstoð manns, sem með honum var í bílnum, og lögðu þeir hann á þúfu. Einnig hefur hann borið, að hann hafi eigi séð það glöggt, að bifreiðin tók kast á vinstri hlið um leið og hún fór yfir skurðinn, rétt í því að hún komst aftur upp á veginn, kastaðist svo út á hægri hlið. Hann telur, að vegurinn þarna sé íhvolfur og hafi virzt, sem hinn slasaði maður væri að síga niður af vinstri vegarbrúninni, þegar að var komið.

A-161 var stöðvuð rétt eftir að maðurinn féll út og K-37 bar þarna einnig brátt að. Hann hefur og borið, að Jón Jóhannsson lögregluþjónn, sem var í K-37, hafi beðið sig að flytja hinn slasaða mann til læknis og gerði hann það.

Hann sá engan mann úr A-161 á slyssaðnum, nema Karl Jóhannson, og eigi átti hann tal við neinn úr þeirri bifreið. Hann leit á hraðamælinn hjá sér rétt áður en A-161 fór fram úr K-37, og sýndi hann þá 30 km hraða á klukkustund, og hafi bilið haldizt jafnt á milli A-161 og K-37 og muni A-161 því hafa verið með þeim hraða, er slysið varð. Telur hann, að ójafna hafi verið þarna á veginum, og hafi bifreiðin A-161 verið komin svo sem billengd frá henni, er slysið varð. Hann segist ekki muna betur en að A-161 hafi eigi farið af slyssaðnum fyrr en hann fór með slasaða manninn, og að ákærði hafi gengið í veg fyrir sig á Ketilhálsi, þegar hann kom aftur frá Hofsósi og spurt um líðan hins slasaða manns og hvað læknirinn hefði sagt um hann.

Vitnið Karl Jóhannsson hefur greint skilmerkilega frá ástandinu í skýlinu.

Ryskingar hófust þegar áður en lagt var af stað og voru alltaf öðru hvoru fram undir það, er slysið skeði, en nokkrum mínútum fyrir slysið varð hlé á þeim. Var það Knud Herdner, sem ollí ófriði þessum, og brotnaði við það rúða hægra megin í skýlinu, en eigi varð hann var við að meira brotnaði.

Þegar slysið bar að, telur hann að engar ryskingar hafi verið. Orsök slyssins telur hann þá, að bifreiðin hafi farið yfir ójöfnu á leiðinni, og hengt allmikið til, og hafi hann hengt tvisvar upp í loft á þaki bifreiðarskýlisins. Féll hurðin fyrir fremsta bekk þá frá, og féll Sigurbergur heitinn þá út. Hann segir, að Sigurbergur hafi ekki orðið fyrir neinni árás, og eigi hafi orðið vart neins ágreinings milli hans og Herdners. Hann telur skýlið aðallega hafa brotnað við rykkinn, sem orsakaði slysið, en fortukur þó eigi, að eitthvað kunní að hafa brotnað við ryskingarnar. Hann telur, að mennirnir hafi allir farið út úr bifreiðinni eftir slysið. Sigurbergur lá upp í loft, meðvitundarlaus á þúfu, þegar vitnið kom að. Hann sá ákærða aldrei neyta áfengis í förinni, og ekki sá hann á honum ölvun, en tekur fram, að dimmt hafi verið, svo það sé eigi að marka.

Vitnið Guðjón H. Pálsson segist ekki geta gert sér grein fyrir orsökum þess, að Sigurbergur þeyttist út úr skýlinu og hann sjálfur að nokkru leyti, en hann náði í kaðal og gat komizt inn aftur. En hann heldur, að orsökina hafi verið sú, að kast kom á bifreiðina. Hann telur líklegt, að bekkurinn hafi fallið niður og endi hans numið við hurðina og þeytt henni frá. Hann gerði bifreiðarstjóranum þannig aðvart, að hann teygði sig út fyrir skýlið, að rúðu á hlið stýrishússins, og var bifreiðin þá undir eins stöðvuð. Hann telur engar erjur hafa verið í bilnum, er slysið varð.

Vitnið Peter Joensen, Færeyingur, segist hafa verið dálitill kenndur, en varð ekki var við, að ákærði væri undir áhrifum áfengis eða að hann neytti áfengis. Bar honum saman við 2 síðastgreind vitni.

Vitnið Skarphéðinn Veturliðason segist hafa verið nokkuð drukkinn, en segist fullyrða, að hrindingar af manna völdum hafi eigi valdið slysinu. Hann segir, að kast eða snögg hreyfing hafi komið á bifreiðina. Eigi segist hann hafa komizt að því, að ákærði væri neitt ölvaður eða hefði neytt áfengis í ferðinni.

Vitnið Magnús Stefán Guðlaugsson segist ekki hafa fundið á sér nein áhrif áfengis. Framburður hans er samhljóða framburði Skarphéðins Veturliðasonar hér að framan.

Vitnið Knud Herdner Georgsson segist hafa verið svo drukkinn, þegar lagt var af stað frá Hofsós, að hann muni ekkert eftir sér frá því og þar til skömmu eftir að slysið varð. Eigi sá hann ákærða neyta áfengis og eigi sá hann á honum ölvun, en hann þekkti manninn ekki neitt. Hann sá Helga Helgason með áfengisflösku í stýrishúsinu hjá ákærða. Helgi Helgason var svo ölvaður, að hann vissi ekkert hvað gerðist á leiðinni milli Hofsós og Haganessvíkur.

Vitnið Indiana Ásgrímsdóttir, unnusta ákærða, harðneitar því,

að ákærði hafi verið undir áhrifum áfengis í ferð þessari og ekki segist hún hafa séð hann neyta neins áfengis í ferðinni eða kvöldið áður, og hafi hún verið með honum allan þennan tíma.

Hefur hér verið skýrt frá framburðum þeirra, sem voru í bilnum með ákærða. Vitnið Friðbjörn Þórhallsson, sem segist hafa haft á hendi forstöðu dansskemmtunarinnar á Hofsósi ásamt Halldóri Jónssyni, hefur borið, að hann hafi litið svo á, að ákærði hafi verið ölvaður eða undir áhrifum áfengis, og ályktar það af því, að hann hafi verið með pat og látbragð drukkinna manna, þegar hann var að drekka kaffi, en hann hafi virzt minna ölvaður, þegar hann fór frá Hofsósi, en þegar hann kom. Eigi sá hann ákærða neyta áfengis.

Vitnið Guðbjartur Júlíus Gestsson, bifreiðarstjóri á K-37, hefur borið eftirfarandi: Áður en hann hægði ferðina og stöðvaði, þegar A-161 nálgadist, ók hann á um það bil 30 kílómetra hraða, en hann segist ekki hafa litið á hraðamælinn. Hann sá, að hliðarslingur kom á A-161, þegar hann fór yfir vatnsrásina. Þegar búið var að taka slasaða manninn upp og farið af stað með hann, hélt vitnið áfram ferð sinni og var þá nokkurt bil á milli hans og A-161. Hann hefur borið, að sér hafi ekki virzt ákærði vera áberandi drukkinn, og ekki veit hann til, að ákærði hafi neytt áfengis, hvorki á Haganesvík um kvöldið eða á Hofsósi um nóttina.

Hann segist hafa séð, að ákærði var rólegur eftir að slysið varð.

Vitnið Halldór Jónsson, sem var einn af þeim, sem stóðu fyrir skemmtuninni, segist hafa veitt ákærða eftirtekt, þegar hann var að drekka kaffi á Hofsós, og segist hann ekki geta sagt, að ákærði væri áberandi drukkinn, en hann sá, að hann hafði vín um hönd, og sá hann súpa á flösku, sem hann var með.

Vitnið Jón Jóhannsson, lögregluþjónn frá Reykjavík, sem var farþegi í K-37, hefur borið þannig: K-37 fór frekar hægt þegar A-161 nálgadist hann, þar sem A-161 ók út af veginum til að komast fram fyrir K-37. Vegurinn er þar á mel, og telur hann, að hægt hefði verið að aka beggja megin við veginn. Hann telur, að A-161 hafi lent á steinum, er hún ætlaði að beygja upp á veginn aftur. Hann telur, að slingur hafi komið á bifreiðina við það, að beygt var til vinstri eftir að beygt hafði verið inn á veginn, og hafi maðurinn þá fallið út. Fór vitnið strax að mannum, og var hann þá meðvitundarlaus. Bað hann ákærða að fara með hinn slasaða mann til lækni, en ákærði kvaðst ekki geta það, og fékk vitnið þá bifreiðarstjóran á K-27 til að gera það. Hann telur ákærða ekki hafa gefið hljóðmerki, er hann fór fram úr K-37, og að hann hafi ekið hraðar en K-37 og ógætilega, og hafi hann aukið hraðann, er hann var kominn fram úr K-37. Hann segir, að ákærði hafi verið undir áhrifum áfengis, er hann talaði við hann eftir slysið, en tekur fram, að hann hafi eigi getað athugað vel ástand

hans. Hann segir, að þegar búið var að koma manningum af slysstaðnum, hafi ákærði verið farinn.

Í réttarhaldi síðar, eftir að ákærða höfðu verið kynntir framangreindir framburðir, hefur hann borið eftirfarandi:

Hann segist hafa ekið með 30 kílómetra hraða og gefið hljóðmerki, þegar hann fór fram úr K-37. Ekki telur hann að hægt hefði verið að fara hægra megin fram hjá bifreiðinni. Hann telur að illmögulegt hafi verið fyrir sig að flytja slasaða manninn, vegna þess hve illa hefði farið um hann, og segist hann ekki hafa farið af slysstaðnum, fyrr en farið var með slasaða manninn til Hofsóss, og segist hann hafa beðið bifreiðarstjórnann á K-27 að gera það, og sá framburður Jóns Jóhannssonar um flutninginn á manningum rangur, og eigi segist hann hafa farið af stað aftur, fyrr en farið var af stað með slasaða manninn.

Sýslumaðurinn í Skagafjarðarsýslu kom á slysstaðinn, þegar hann var að rannsaka málið í Fljótum, en dimmt var þá af nóttu, svo hann virðist lítið hafa getað athugað staðinn. Hann fékk síðar Steinþór Ásgeirsson, lögregluþjón frá Reykjavík, til að athuga slysstaðinn, og gerði hann uppdrátt þann, sem lagður hefur verið fram í málinu.

Enn fremur hefur hreppstjórinn í Hofsóshreppi og héraðslæknirinn á Hofsósi athugað og mælt vatnsrásina, sem A-161 fór yfir þegar slysið varð, samkvæmt fyrirlagi sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu.

Héraðslæknirinn á Hofsósi, sem Sigurbergur heitinn var fluttur til, hefur lýst honum á þá leið, að hann hafi verið ósjálfbjarga og meðvitundarlaus. Hann talaði tómt rugl og sterka vinnlykt lagði af honum og fót hans voru gauðrifin. Áverki var aftarlega á hvirfli, bogadreginn skurður (flíbi) ca. 3—4 cm á lengd og hafði blætt úr, en ekki var finnanlegt, að bein væri þar skaddað. Nokkru fyrir neðan miðju á vinstri framhandlegg, utan megin, var blár og bólgin blettur, kringlóttur, lítið eitt stærri en tveggja krónu peningur; ölnar-beinið virtist óbrotið. Við hreyfingar kviðar kveinkaði sjúklingurinn sér, en engan áverka var þar að sjá eða annars staðar. Hann andaðist klukkan 8, eða tæpum 2 klukkustundum eftir að hann var færður lækni.

Af klíniskum einkennum má helzt ráða, að hauskúpan hafi klofnað og blætt inn í heilann. Sjúklingurinn fékk aldrei ráð eða rænu.

Ástandi skýlisins á bifreiðinni A-161 eftir slysið hefur áður verið lýst með framburði skoðunarmannanna. Bendir það, sem upplýst er í málinu, til þess, að það hafi verið lélegt. Bifreiðin sjálf var ekki skoðuð fyrr en 21. september 1944, eftir að hún var komin til Akureyar, og var hún þá í góðu lagi að öðru leyti en því, að afturljós logaði ekki. Einnig var hún í góðu lagi við aðalskoðun 19. maí 1944.

Upplýst er að ákærði fékk meira-prófs-skirteini á Akureyri 18. júní 1940.

Ekki verður talið sannað með framburðum hinna þriggja vitna, sem tilgreind eru að framan, að ákærði hafi verið ölvaður þegar slysið bar að eða neytt áfengis þá um nóttina. Og þar sem ákærði hefur stöðugt neitað því að hafa bragðað áfengi á þessum tíma, og mörg vitni hafa borið, að þau hafi ekki orðið þess vör, að hann væri ölvaður, eða hefði neytt áfengis, þá verður að sýkna ákærða af þeim lið ákærunnar.

Samkvæmt framanskráðu má þetta teljast sannað: Eigi verður annað séð en að skýlið, sem á bifreiðinni var, hafi verið mjög lélegt, og því er ekki fest lögum samkvæmt á bifreiðina, heldur er það bundið með kaðli, farþegarnir eru allir ölvaðir, að tveimur undanskildum.

Tveir farþegar eru í stýrishúsi, annar þeirra dauðadrukkin. Í skýlinu eru að minnsta kosti þrír mannanna út úr drukkun, og voru þar áflog og illindi, þegar leggja átti af stað. Verður að telja, að með því að leggja þannig upp í ferðina, hafi eigi verið sýnd nægileg aðgæzla.

Þá er upplýst, að ákærði ekur út af veginum, sem að vísu virðist vera þarna á nokkurn veginn sléttum mel, til að komast fram hjá öðrum bíl, en á því virðist honum ekki nein nauðsyn. Hann virðist ókunnugur veginum; ekur á að minnsta kosti 30 kílómetra hraða, miðað við klukkustund, og fer með þeim hraða yfir ræsi, 1 meters breitt og 25—30 cm djúpt og inn yfir vegkantinn, en þar virðist vegurinn hafa verið nokkru lægri en kanturinn. Verður að telja að þetta framferði ákærða, einkum þegar tekið er tillit til ástands farþega og skýlisins, sé mjög gálauslegt, og hafi hann með því ekki sýnt þá varkárni, sem honum var skylt að sýna sem bifreiðarstjóra.

Þar sem upplýst er að Sigurbergur heitinn fellur út úr bifreiðinni við það að ekið er yfir framangreint ræsi, og skýlið laskast mjög mikið við það, verður að telja framanskráð atferli ákærða orsaka dauðaslysið. Við ákvörðun ábyrgðar er þó rétt að taka tillit til þess, að Sigurbergur heitinn er mikið ölvaður, en ekki verður séð, að það ráði úrslitum um slysið. Eigi verður séð, að ákærði veiti hinum slasaða manni neina aðstoð, eftir því sem upplýst er.

Með þessu hefur ákærði brotið 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, bifreiðalög nr. 23 16. júní 1941 7. og 14. gr., 3. mgr., 26., 27., 28. gr. 3. mgr., 29. gr., sbr. 38. gr., umferðalög nr. 24 16. júní 1941, 2. gr., 4. gr. 3. mgr. og 9. gr. 2. mgr.

Einnig hefur hann brotið reglugerð nr. 72 24. júní 1937, 7. grein, 5. lið.

Þykir refsingin hæfilega ákveðin 30 daga varðhald.

Svipta ber ákærða leyfi til að aka bifreið í 1 ár frá birtingu hins

fyrri dóms í máli þessu, 27. júní 1945, sbr. 39. gr. bifreiðarlaga og 68. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar á meðal kr. 350.00 til talsmanns síns, Friðriks Magnússonar hdl.

Nokkur dráttur varð á framhaldsrannsókn málsins, sökum þess að það varð að senda það aftur til Skagafjarðar.

Annars hefur málið verið rekið vítalaut.

Þvi dæmist rétt vera:

Ákærði Höskuldur Guðmundsson sæti varðhaldi í 30 daga.

Hann skal sviptur leyfi til að aka bifreið í eitt ár frá 27. júní 1945 að telja. Hann greiði allan kostnað sakarinnar, þar á meðal kr. 350.00 til skipaðs talsmanns síns, héraðsdómslögmanns Friðriks Magnússonar. Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 9. febrúar 1948.

Nr. 45/1947. Réttvísín

gegn

Einari Bjarna Þórarinssyni,

Lárusi Guðmundssyni

og

Hauki Þorsteinssyni.

Um öflun skýrslna.

Úrskurður hæstaréttar.

Áður en mál þetta verður dæmt í hæstarétti, þykir rétt með skírskotun til 1. og 2. málsgr. 2. gr. laga nr. 14/1942 að æskja álits lækna ráðs um vottorð dr. med. Helga Tómassonar yfirlæknis um andlega heilsu ákærða Lárusar Guðmundssonar, og felist þar í umsögn um það, hvort talið verði, að refsing geti borið árangur gagnvart ákærða Lárusi, þannig, að hún geti skapað með honum hvatir til að forðast refsiverða hegðun, sbr. 15. og 16. gr. laga nr. 19/1940.

Ályktarorð:

Lækna ráð láti í té umsögn um framangreind atriði.